



## Reglur þróunarsjóðs skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

### 1.gr

Þróunarsjóði skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ætlað að efla nám og skólastarf í takt við nýja skólastefnu sveitarfélagsins. Þróunarsjóðurinn á að veita áhugaverðu starfi og verkefnum brautargengi, efla starfsþróun, aðstæður og framþróun skólastarfs.

### 2.gr

Einstaka kennarar, kennarahópar og aðrir fagaðilar sem starfa í skólasamfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps geta sótt um styrk.

### 3.gr

Auglýst er eftir umsóknum fyrir vorönn og haustönn og er þá gert ráð fyrir að styrkveiting sé fyrir verkefni næstkomandi önn eða skólaár. Hægt er að sækja um undanþágu um sérstök verkefni sem lúta öðrum tímamma. Skilyrði er að umsóknin sé samþykkt af skólastjóra viðkomandi skóla. Umsóknir berist til skólanefndar sem leggur fram tillögu til samþykktar hjá sveitarstjórn.

### 4.gr

Umsóknir eru metnar af skólanefnd og er tekið mið af hversu vel umsókn fellur að gildandi skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hver ávinningur sé fyrir skólasamfélagið. Verkefni sem sótt er um styrk fyrir þurfa að hafa skilgreind markmið, áfanga, tímasetningar og áætluð verklok. Sundurliðuð kostnaðaráætlun þarf að fylgja umsókn og greina frá hvort að verkefnið hafi fengið styrk annars staðar frá. Við styrkveitingu er haldið eftir fjórðungi styrkuppþæðar sem greiddur er þegar greinargerð um verkefnið hefur verið skilað.

### 5.gr

Verði umsókn samþykkt verður gerður skriflegur samningur við styrkþega, ábyrgðarmaður tilgreindur og hvernig skuli staðið að greiðslum. Komi til þess að ekki sé hægt að vinna verkefni skal styrkur falla niður.

### 6.gr

Að verkefni loknu skal styrkþegi skila greinargerð um verkið og kynna það fyrir skólasamfélaginu, með formlegri og auglýstri kynningu. Einnig skal kynna verkefnið fyrir skólanefnd og sveitarstjórn sé þess óskað. Greinargerðin verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins öðrum til upplýsingar.

### 7.gr

Þróunarsjóðurinn er skilgreindur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og styrkuppþæð ákveðin við fjárhagsáætlanagerð.

Samþykkt í skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 25. september 2023

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 18. október 2023